

Fundargerð háskólaráðs 14. október 2019

Glanni kl. 14.00

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Helga Kristín Auðunsdóttir fulltrúi kennara (Skype), Njörður Sigurjónsson fulltrúi kennara (Skype), Jón Snorri Snorrason fulltrúi kennara (Skype), Margrét Vagnsdóttir fulltrúi starfsmanna, Erna Kaaber fulltrúi meistaranema, Hafdís Jóhannsdóttir fulltrúi grunnnema, Bjarni Heiðar Halldórsson fulltrúi grunnnema, Leifur Finnbogason fulltrúi grunnnema, Sigurður Baldvin Friðriksson fulltrúi Háskólagáttar (Skype).

Áheyrnarfulltrúar: Stefán Kalmansson gæðastjóri

Fjarverandi: Dagný Kristinsdóttir Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, Hafsteinn Sæmundsson Fjármálastjóri (áheyrnarfulltrúi)

1. Fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

2. Innritun nýrra nemenda og nemendatölur

Rektor fer yfir skjal sem sýnir umsóknir, samþykktar umsóknir og innritunartölur. Almennt gekk þetta vel en helst vonbrigði með fjölda nýnema í Háskólagátt. Heildarfjöldi nemenda á haustönn 708 og hafa aldrei verið fleiri. Umræður um Háskólagátt m.a. um skólagjöld og hvort búa megi til hvata með breytingu þar.

3. Fjármál

Rektor fer yfir fjárhagsuppgjör það sem af er ári. Útskýrir helstu frávik en í heildina er afkoman heldur lægri en áætlað var fyrir sama tímabil. Tekjur eru yfir áætlun en kostnaður einnig. Gert ráð fyrir að jafnist að einhverju leyti þegar árinu lýkur. Kynnti líka drög að rekstraráætlun ársins 2020. Spurt um aðrar tekjur sem skýrast af aukaframlagi við innleiðingu Uglu.

4. Húsnæðismál

Rektor gerði grein fyrir því helsta sem tengist viðhaldi húsnæðis og endurnýjun. Mikil leki hefur verið í Aðalbóli svo ljóst að þarf að endurnýja þakið í vor. Breytingar innanhúss, svo sem Meistarastofa og nemendarámi. Vistarhúsið verður í áframhaldandi endurnýjun. Rektor segir frá formlegu ferli sem farið er af stað hjá Minjastofnun varðandi gamla skólahúsið og friðun þess. Skólinn þarf að taka afstöðu til þessa málsins fyrir áramót og fá fram hvaða kröfur verða settar á skólann vegna þessa. Umræður um gamla skólahúsið.

5. Gæðamál

Farið yfir gæðastarfið og undirbúning ytri úttektar sem verður haustið 2020, líklega í seinni hluta október. Vinnuhópur um stofnanaskýrslu (RA) hefur fundað tvisvar í haust og vinna þar í gangi. Tölfræðihópur vinnur að gagnaöflun og Guðrún Björk sinnir því sérstaklega. Rýnihópafundur verið með nemendum og fundir með fulltrúum Gæðaráðs íslenskra háskóla. Vinna innan deilda í gæðamálum m.a. reglubundinn endurskoðun námsbrauta mikilvægur þáttur í undirbúningi úttektar. Gæðastjóri lagði áherslu á virka þátttöku nemenda í gæðamálum deilda og úttekt á skólanum næsta haust.

6. Persónuverndarstefna

Rektor fór yfir og gerði grein fyrir tillögu að persónuverndarstefnu sem lögð er fram til umsagnar. Ein athugasemd gerð varðandi orðalag sem verður bætt úr.

7. Stefna skólans

Rektor ræðir vinnu við stefnumótun skólans fyrir 2020 - 2023. Fór af stað á stefnumótunarfundi starfsmanna í september. Fór yfir helstu kaflaheiti og rakti helstu atriði í inntaki þeirra. Stefnumótun skólans verður send fulltrúum í Háskólaráði og rædd á næsta fundi þess í nóvember. Stefna skólans verður staðfest af stjórn, samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Umræður um nokkur atriði m.a. rannsóknarstarf innan skólans.

8. Samstarfið við Hjallastefnuna og Kaospilot

Viðræður við Hjallastefnuna og Kaospilot hafa haldið áfram í framhaldi af í fyrra vetur. Tvö verkefni í deigluinni núna. Námsbrautir í Educational Leadership (diplóma í grunnnámi og meistaranám) eru í þróunarferli í vinnuhópum. Sama á við um IPE námið sem þarf að þróa lengra. Hitt verkefnið er mögulegt samstarf við skóla á Spáni – European Business Factory í La Coruna. Ekki viðurkenndur háskóli en starfar í anda Kaos Pilot og í samstarfi við Árósarháskóla. Fulltrúar Bifrastar heimsækja skólann í þessari viku, ásamt því að hitta fulltrúa Coperfield Educational Services í Barcelóna.

9. Önnur mál

- a) Spurt um þvottavélaaðstöðuna í Helvíti. Ekkert gerst þrátt fyrir athugasemdir. Óánægja notenda með opnunartímann sem er aðeins á dagvinnutíma.
- b) Í fyrra var gerð athugasemd varðandi skörun námsmatsviku við foreldraviðtöl á Varmalandi. Upplýst að því hefur nú verið komið í lag
- c) Samningar við aðstoðarkennara. Spurt hvort það sé ekki í boði lengur? Verður skoðað.
- d) Njörður leggur til að Háskólaráð beitti sér fyrir því að í stjórn skólans væru tilnefndur fulltrúi úr fræða-/rannsókn-/ eða háskólasamfélaginu, aðili sem væri virkur í rannsóknum og þekkti til starfsemi háskóla í víðara samhengi og hefði erlenda reynslu af rannsóknum og háskólastarfi. Það væri svo hægt væri að ræða á vettvangi stjórnar skólans málefni gæða og stefnumörkunar á sviði kennslu, rannsókna og faglegs starfs Háskólans á Bifröst. Ekki væri um að ræða fulltrúa starfsmanna háskólans á Bifröst heldur utanaðkomandi aðila. Rétt væri að fá þá aðila sem standa að tilnefningum til stjórnar skólans til samstarfs um þetta. Máli sínu til stuðnings vísar hann í umsögn um Háskólaráð þar sem segir að fundir þess fjalli um innra starf skólans “breytingar á reglum og stefnumörkun hans. Háskólaráð er ályktunarbært og getur gert tillögur til rektors eða stjórnar skólans.”

Fundi slitið kl. 16.00

Fundarritari: Stefán Kalmansson